

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2018  
UST201804-285/S.A.J.  
08.14.00

**Efni:** Mat á umhverfisáhrifum - Efnarás - Gufunes

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst til Umhverfisstofnunar þann 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum flutningur Efnarásar ehf. á athafnasvæðið í Gufunesi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdalýsing**

Efnarás ehf. starfrækir í dag spilliefnamóttöku að Klettagörðum 9 í Reykjavík. Töluverð brengsli eru á því svæði og fyrirhugar því fyrirtækið að flytja spilliefnamóttöku sína í Gufunes eftir að samningar náðust við Sorpu bs. um leigu á húsnæði í Gufunesi er áður hýsti Efnamóttökuna hf.

Húsnæði Efnamóttökunnar var hannað sem spilliefnageymsla og hafði Efnamóttakan starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til reksturs spilliefnamóttöku á staðnum. Eru því nú þegar til staðar fullnægjandi mengunarvarnir í húsnæðinu.

**Umhverfisáhrif**

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurn frá fyrirtækinu stafar helsta mengunarhættan af því ef leki kemur að umbúðum eða ílátum er innihalda spilliefni. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á að notast verði við viðurkenndar spilliefnaumbúðir fyrir geymslu á spilliefnum, einnig þau spilliefni er geymd verða í góðum á athafnarsvæðinu. Meðhöndlun spilliefna þarf að fara fram innandyra þar sem frárennsli fer í söfnunarþró. Starfsemin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og er mikilvægt að í starfsleyfinu séu ákvæði er lágmarka hættu á að spilliefni berist frá starfseminni.

**Niðurstaða**

Með vísan til ofangreindra atriða og fyrri starfsemi í húsnæðinu telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

  
Sverrir Áðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur

  
Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur